

Reykjavík 19. mars 2020

Efni: Forgangslisti

Berist til skólastjórnenda

Komið þið sæl

Við gerum okkur grein fyrir því að útfærsla á forgangslistanum er mjög flókið verkefni. Almannavörnum barst beiðni frá fræðsluyfirvöldum á höfuðborgarsvæðinu þess efnis hvort hægt væri að virkja úrræðið fyrir þá sem eru á forgangslistanum mánudaginn 23. mars.

Beiðnin var samþykkt og verður úrræðið virkjað mánudaginn 23. mars. Þetta á ekki við þá skóla sem hafa þegar hafið úrræðið.

Upplýsingar um forgangslistann og hvenær hann tekur gildi verða meðal annars kynntar í fjölmiðlum og í stöðuskýrslu almannavarna.

Við höfum verið í samvinnu við starfsfólk island.is. sem eftir ábendingar frá ykkur, er að vinna í að laga og uppfæra síðuna. Eitt af því sem búið er að laga er nafn á næsta yfirmanni og símanúmer viðkomandi. Sú viðbót einfaldar stjórnendum að fá upplýsingar staðfestar.

Með kveðju